



26. apríl 2018

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

Mál 1804385 - Leikskóli, aukin stöðugildi vegna fjögurra og fimm ára barna.

Langt er til að gerð verði breyting á viðmiðum um barngildi fimm og fjögurra ára barna þannig að fimm ára barn telji eitt barngildi í stað 0,8 og fjögurra ára í 1,1 í stað 1 barngildis.

Barngildisviðmiðin eru eftirfarandi í dag:

- 5 ára barn 0,8 barngildi þ.e. 10 börn gefa eitt stöðugildi
- 4 ára barn, 1 barngildi þ.e. 8 börn gefa eitt stöðugildi
- 3 ára barn, 1,3 barngildi þ.e. 6 börn gefa eitt stöðugildi
- 2 ára barn, 1,6 barngildi þ.e. 5 börn gefa eitt stöðugildi
- 1 árs barn, 2 barngildi þ.e. 4 börn gefa eitt stöðugildi

Lagt er til að barngildisviðmið verði þessi:

- **5 ára barn 1 barngildi þ.e. 8 börn gefi eitt stöðugildi**
- **4 ára barn, 1,1 barngildi þ.e. 7 börn gefi eitt stöðugildi**

Að öðru leyti verða viðmið óbreytt því sem áður var:

- 3 ára barn, 1,3 barngildi þ.e. 6 börn gefa eitt stöðugildi
- 2 ára barn, 1,6 barngildi þ.e. 5 börn gefa eitt stöðugildi
- 1 árs barn, 2 barngildi þ.e. 4 börn gefi eitt stöðugildi

Þetta þýðir aukningu á 17 stöðugildum og kostnaður nemur um 107 milljónir.